



FRÉTTABLAÐIÐ

165. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

ÞRIÐJUDAGUR 16. ÁGÚST 2022



Múgur og margmenni var við gosstöðvarnar í Meradölum um helgina en Ferðamálastofa taldi að yfir 18 þúsund manns hefðu þá heimsótt svæðið. Alls þurftu sautján einstaklingar að aðstoð að halda niður af fjallinu á sunnudagskvöld. Fréttablaðið skoðaði aðstæður og í ljós kom að langflestir gestir voru vel búinir og mikil gleði ráðandi. **SJÁ SIÐU 2**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Allsherjarúttekt á tryggingamálum

Framkvæmdastjóri FÍB segir fjármálaeftirlit Seðlabankans bregðast eftirlitsskyldu með tryggingafélögum. Úttekt á tryggingamálum er í bígerð hjá Neytendasamtökunum.

olafur@frettabladid.is

NEYTENDUR Neytendasamtökin hyggjast láta gera allsherjarúttekt á tryggingamálum hér á landi. Í Fréttablaðinu síðastliðinn föstudag kom fram að ábyrgðar- og kaskótrygging er um það bil fimm sinnum dýrari hér á landi en í Svíþjóð og Bretlandi. Iðgjöld fyrir Renault Captur-bifreið hér á landi nema rif-

lega 177 þúsund krónum á ári en á bilinu 33-38 þúsundum í Bretlandi og Svíþjóð.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslensks bifreiðaeigenda, segir iðgjöld bifreiðatrygginga hér á landi óeðlilega há vegna fákeppni. Hann átelur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands fyrir að bregðast eftirlitsskyldu sinni með starfsemi og verðskrá tryggingafélaganna.

Hjálmar Sigurþórsson, framkvæmdastjóri Trygginga hjá TM, segir það koma sér á óvart að svo mikill munur sé á iðgjöldum milli Íslands og Svíþjóðar og Bretlands. Hann segir bótakerfi vegna líkamstjóns í Svíþjóð vera mjög frábrugðið



Neytendasamtökin vilja að verkalýðsfélög og ríkið komi að kostun úttektar á starfsemi tryggingafélaganna.

því sem er hér á landi og einnig sé bótakerfið gerólikt í Bretlandi.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna, segir samtökin hyggjast láta gera allsherjarúttekt á tryggingamálum þar sem meðal annars verði borið saman lagaumhverfi hér á landi og annars staðar og kannað hvort þessi mikli verðmunur stafi af því að íslensk lög setji þyngri byrðar á tryggingafélög vegna bóta en gert er í öðrum löndum.

Aðspurður segir Breki svona úttekt vera umfangsmikið verkefni. Kostnaður nemi á bilinu 12 til 15 milljónum króna en bundnar séu vonir við að sú fjármögnun fáið frá ríkinu og verkalýðsfélögum. ■

Býður Óttari í Hvammsvíkina

SKOÐUN „Þér til upplýsingar þá er ég í dag hvorki gjaldþrota né auðmaður, enda illmögulegt að vera hvort tveggja í senn,“ segir athafnamaðurinn Skúli Mogensen í aðsendri grein sinni í Fréttablaðinu.

Skúli svarar í greininni bakþönkum Óttars Guðmundssonar þar sem aðkoma ráðherra að opnun Sjóbaðanna í Hvammsvík í júlí var gagnrýnd.

Að endingu býður Skúli Óttari í heimsókn í Hvammsvík.

„Átti undirritaður að gefast upp og leggjast í kör og hætta frekari frumkvöðlastarfsemi og uppbyggingu?“ spyr Skúli. **SJÁ SIÐU 9**

Eclipse Cross PHEV 4x4

Förum saman út í bláinn!

Eclipse Cross PHEV getur **dregið 1.5 tonn**, er með lykklalausú aðgengi, hraðastilli, hita í stýri, bakkmyndavél, þreytuviðvörðun, akreinavara o.fl. Verð frá **6.390.000 kr.**

H **HeKla** Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is





Teikning af fyrirhuguðu Móahverfi á Akureyri. MYND/AKUREYRARBÆR

Nú verður hægt að búa í Berjamóa

kristinnhaukur@frettabladid.is

AKUREYRI Krakkarnir í Síðuskóla á Akureyri fengu að ráða götuheitunum í nýju Móahverfi á Akureyri. Ein gatan mun fá heitið Berjamói. Hverfið, sem hafði framan af vinnuheitið Kollugerðishagi, er íbúðahverfi vestan Borgarbrautar í Síðuhverfi. Í hverfinu er gert ráð fyrir 1.100 íbúðum, íþróttasvæði og grænum svæðum. Í desember tilkynnti skipulagsráð Akureyrar að það fengi heitið Móahverfi. Jafnframt að leitað yrði eftir tillögum að götuheitum frá nemendum Síðuskóla. Nú liggja tillögurnar fyrir og hafa 22 þeirra verið samþykktar í skipulagsráði. Meðal þeirra eru Berjamói, Gullmói, Mýrarmói, Stjórnumói og Silfurmói. ■

Uppblásið ævintýri



Þótt börnum sé bannað að heimsækja gosstöðvannar í Meradölum þá er ekkert sem hindrar þau í ærslafenginni þeysireið niður hoppukastalann við Perluna. Uppblásið báknið er um tvö þúsund fermetrar að flatarmáli og vinsæll áfangastaður allra sem vilja hoppa, stökkva eða skoppa. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Næturfrostin farin að minna á sig

benediktboas@frettabladid.is

VEÐUR Í fyrrinótt frysti á þremur veðurathugunarstöðvum á láglendi. Kaldast varð á Hólum í Dýrafirði þar sem hitinn fór lægst í -1,6°C. Einnig frysti á Hjarðarlandi í Biskupstungum, -0,4°C, og í Básum í Þórsmörk, -0,3°C. Litlu mátti muna að frost hefði mælst að næturlagi í tveggja metra hæð um verslunarmannahelgina á Hvanneyri og Þingvöllum. Tekið skal fram að þetta eru hitatölur í tveggja metra hæð, en það er sú hæð sem opinber hiti er venjulega mældur í. Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur segir að þessi hæðarmunur skipti höfuðmáli, sér í lagi í hægviðri. „Þetta segir okkur einnig að það geti orðið launhált að næturlagi á vegum þó hitamælirinn í bílnum sýni plúshitastig“, segir hann.



Það er varla hægt að tala um að sumarið hafi komið þetta árið. „Það er ekkert óeðlilegt við þetta núna enda himinn bjartur og nóttin farin að lengjast. Fram undan eru engin skýr merki um næturfrost á láglendi enda þótt spáin sé nokkuð björt næsta sólarhringinn, því loftið yfir landinu verður lítið eitt hlýrra en síðustu nótt. Síðan eru fín hlýindi á leiðinni samfara lægðakomum. Þannig að ég hef ekki áhyggjur af berjunum og kartöflunum“, segir Sigurður. ■

Sprenging í sölu höfuðljósa og mikil eldgosastemning

Gríðarleg sala er á ýmsum búnaði sem landsmenn og erlendir ferðamenn nýta til hinnar löngu göngu milli bílastæða og eldgossins í Meradölum. Langflestir ferðast með ábyrgum hætti.

bth@frettabladid.is

ELDGOS Höfuðljós seljast nú eins og heitar lummur, það sama má segja um göngustafi. Fréttablaðið var við eldgosið í Meradölum í fyrrinótt þegar metumferð var við eldstöðvannar. Langflestir voru þannig búnir að til fyrirmyndar getur talist og mikil gleði ráðandi hjá fólki. Fréttir af illa búnu fólki sem þarf aðstoð hafa verið nokkuð áberandi undanfarið. Langflestir ferðalangar virðast þó undirbúa gönguna löngu vel. Talið er að 8.000 til 9.000 manns hafi séð eldgosið í fyrradag og kaus allstór hluti þess hóps að njóta sjónarspils eldanna í dimmunni. Samkvæmt talningu Fréttablaðsins brúkuðu um þrír af hverjum fjórum höfuðljós á göngu sinni til baka í fyrrinótt. Visbendingar eru um að sala á höfuðljósum hlaupi á þúsundum undanfarið. „Gærdagurinn var svaka sprengja“, segir Arinbjörn Hauksson, markaðsstjóri hjá Elko. Þar á bæ hafa starfsmenn síðustu daga vart haft undan að stilla út höfuðljósum sem rjúka út eins og heitar lummur. Arinbjörn segir að í síðasta eldgosi í fyrra hafi einnig orðið mjög mikil söluaukning. „Við búumst við að sala á höfuðljósum haldi áfram að aukast næstu daga eða vikur. Það er auðvitað gríðarlega mikilvægt að fólk búi sig vel ef það fer að gosinu í rökkri eða myrkri“, segir Arinbjörn. Ódýrustu höfuðljós eru að jafnaði undir fimm þúsund krónum. Þótt fólk fjárfesti sérstaklega fyrir



Öryggisins vegna er betra að nota höfuðljós í rökkri á milli eldstöðvanna og bílastæðis. Grýttur kafli er á gönguleiðinni þar sem mikilvægt er að sjá til jarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

“**Höfuðljós og göngustafir rjúka út núna og svo fer að liða að því að broddarnir rjúki út.**”



Haraldur Gunnarsson, rekstrarstjóri Ellingsen

gosgönguna geta ljósin nýst áfram í kvöldgöngum eða annarri útivist þegar fer að dimma að sögn Arinbjarnar. Haraldur Gunnarsson, rekstrar-

stjóri Ellingsen, segist finna fyrir mjög mikilli aukningu í sölu á ljósum og öðrum búnaði sem tengist ferðum að eldgosinu. „Við seldum gríðarlegt magn af ljósum fyrir síðasta gos. Höfuðljós og göngustafir rjúka út núna og svo fer að liða að því að broddarnir rjúki út“, segir Haraldur. Með því á Haraldur við að með haustinu þegar frýstir gætu skapast varasamar aðstæður fyrir göngugarpa. „Við seldum ógrynni af svona búnaði fyrir síðasta gos, sérstaklega af broddum fyrir Bröttubrekku, þar sem nú er reyndar búið að gera úrbætur fyrir göngufólk“, segir Haraldur. Þeir sem selja útivistarvörur brýna landsmenn til að fara ekki upp að gosinu í rökkri án þess að vera með góð ljós, vera á góðum skóm og jafnvel í ullarfatnaði innst. Margir gestir eldgossins í fyrrinótt fundu fyrir miklum breytingum á hitastigi frá degi til nætur. ■



Frá og með 1 september verður opnunartími Læknavaktarinnar Háaleitisbraut 68 frá kl:17:00 til 22:00 virka daga og frá 9:00 til 22:00 um helgar.



NÝR TOYOTA AYGO X

GERÐU ÞAÐ SEM ÞÚ VILT

Aygo X þræðir götur þéttbýlisins lipurlega og tekst leikandi á við þjóðveginn, hvort sem hann er chilirauður, kardimommugrænn, berjablár eða engiferdrapplitaður. Það er að segja bíllinn, ekki þjóðvegurinn.

Njóttu ævintýranna. Reynsluaktu glænýjum **Aygo X**.



Toyota Aygo X
Verð frá : 3.090.000 kr.

TOYOTA – MEST SELDA
BIFREIÐATEGUNDIN
Á ÍSLANDI
32
ÁR Í RÖÐ

TOYOTA TRYGGINGAR
váttryggt af TM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Bílarnir í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



Myndin er af afleiðingum utanvega-aksturs frá Rauðufossum á Landmannaleið 27. júlí síðastliðinn.

Enginn alvarlegur utanvegaakstur

bth@frettabladid.is

NÁTTÚRUVERNÐ „Við lendum alltaf í utanvegaaksturmálum við og við en það hafa engin stórvægileg mál komið upp í sumar,“ segir Magnús Freyr Sigurkarlsson, svæðissérfræðingur hjá Umhverfisstofnun.

Oft hafa verið unnin mjög vond og óafturkræf spjöll á hálendi Íslands á sumrin en í ár hafa engin alvarleg gróðurspjöll verið framin eða stórvægileg ummerki unnin á verndarsvæði Umhverfisstofnunar. „Flest málanna eru þannig að fólk ekur við hliðina á vegi, leggur bíl sínum skammt frá vegi eða tekur hring þar sem bannað er að aka um,“ segir Magnús Freyr.

Landverðir við Fjallabak og í Hrauneyjum eru sammála um að engin alvarleg mál hafi komið upp í sumar.

„Við höfum verið mjög öflug í vegalandvörslu og teljum að það kunni að skýra þennan góða árangur,“ segir Magnús Freyr. Mikið hefur verið rætt við ökumenn á hálendinu í sumar og reglur útskýrðar að hans sögn. ■

Unnið að fleiri atvinnuleyfum

birnadrofn@frettabladid.is

ATVINNUMÁL Í gærmorgun höfðu 385 flóttamenn frá Úkraínu fengið vinnu á Íslandi. Um er að ræða fólk sem hefur komið hingað til lands frá því að innrás Rússa hófst í Úkraínu þann 24. febrúar. Í gær var unnið að útgáfu enn fleiri atvinnuleyfa.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun er ekki flókið ferli að ráða flóttafólk frá Úkraínu í vinnu. Starfsmaðurinn og vinnuveitandinn fylla saman út ráðningarsamning og umsókn um atvinnuleyfi og koma með til Vinnumálastofnunar. Ef allt er rétt gert tekur vinnsla atvinnuleyfis um einn til þrjá daga. ■

Ólögleg símnotkun í akstri vaxandi vandi

bth@frettabladid.is

LÖGGÆSLA Lögreglan á Norðurlandi eystra hefur í ár kært 155 ökumenn fyrir að tala í síma undir stýri án handfrjáls búnaðar. Virðist sem um vaxandi vandamál sé að ræða í umferðinni hér á landi að mati lögreglu.

„Við erum að reyna með virku eftirliti að fá fólk til að skammast til að nota handfrjálsan búnað,“



Lögregla hefur reglulegt eftirlit með ökumönnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

segir Jóhannes Sigfússon, aðstoðaryfirlögregluþjónn á Akureyri, um brotin. Jóhannes telur málaþjöldann gefa til kynna að mikil ólögleg símnotun eigi sér stað í akstri hér á landi.

Sekt við að tala ólöglega í síma á akstri nemur 50.000 krónum. Það telst nokkuð há sekt að sögn Jóhannesar og kemur við pyngju flestra brotlegra. Er eftir miklu að slægjast að hans sögn að bæta

hegðun ökumanna. Helstur yrdi þá ávinningur í bættu umferðaröryggi. Símnotkun trufla einbeitingu við akstur og skapi hættu.

„Okkur finnst þessar tölur benda til mikillar símnotkunar í akstri,“ segir Jóhannes. Hinir brotlegu eru á öllum aldri að hans sögn og langflestir Íslendingar.

Þá hefur lögreglan á Norðurlandi eystra sektað 119 á árinu fyrir að aka án bílbeltis. ■

Landeigendur ósáttir við uppgröft og hækkun stíflu við Andakílsárvirkjun

Orka náttúrunnar hyggur á endurbætur á Andakílsárvirkjun. Landeigendur telja um mikla breytingu að ræða og ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki þyrfti að meta umhverfisáhrifin hefur verið kærð.

gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL „Þeir skáka í því skjólinu að virkjunin sé svo gömul og að þeir séu bara að fara í lagfæringar,“ segir Hulda Guðmundsdóttir, á Fitjum í Skorradal, sem kærði þá ákvörðun að endurbætur á Andakílsárvirkjun þyrftu ekki að fara í mat á umhverfisáhrifum.

Orka náttúrunnar hyggur á framkvæmdir við Andakílsárvirkjun. Um er að ræða uppgröft á jarðefnum úr lónstæðinu og endurgerð stíflumannvirkja. Skipulagsstofnun ákvað í júlí að framkvæmdin þyrfti ekki umhverfismat.

Hulda kærði ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála og krafðist þess að ákvörðunin yrði ógilt. Til vara krafðist hún þess að réttaráhrifum ákvörðunarinnar yrði frestað þar til skorið yrði úr um lögmæti hennar. Þessari frestunarkröfu hefur úrskurðarnefndin nú hafnað en aðalkrafan um ógildingu er óafgreidd.

„Að jafnaði er því ekki tilefni til að beita heimild til stöðvunar framkvæmda eða frestunar réttaráhrifa í kærumálum er varða matskylduákvæðanir,“ segir í úrskurði nefndarinnar sem bendir á að ekki hafi enn verið gefin út keranleg byggingar- eða framkvæmdaleyfi.

Hulda segir afstöðu landeigenda á svæðinu þá að framkvæmdin sæti umhverfismati. Vegna aldurs hafi



Andakílsárvirkjun hefur verið starfrækt í 75 ár og hefur verið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur-samstæðunnar frá árinu 2002.

MYND/ADSEND

„Núna ætla þeir að fara í svokallaðar endurbætur og þá nota þeir tækifærið og hækka stíflugarðana.“

Hulda Guðmundsdóttir, á Fitjum í Skorradal

á sínum tíma ekki þurft að gefa út virkjunarleyfi. Landeigendurnir telji það frumatriði að slíkt leyfi þurfi nú að liggja fyrir áður en farið verði í miklar framkvæmdir við mannvirkin.

„Við erum að reyna að fá því framgengt að ekkert sé gert fyrr en þetta virkjunarleyfi liggur fyrir þar sem tekið er á svo mörgum umhverfisþáttum. Þeir segja að virkjunin sé svo gömul að það þurfi ekki. Á þeim forsendum eru þeir að gera alla skapaða hluti,“ segir Hulda.

Að sögn Huldu áformar Orka náttúrunnar að grafa í fyrsta áfanga 50 til 115 þúsund rúmmetra upp úr lónstæði virkunarinnar og í áföngum allt að 500 þúsund rúmmetra af efni upp úr og hækka jarðvegsstíflu um tvo og hálfan metra og hækka inntaksstíflu einnig.

„Það er eins og Skipulagsstofnun horfi fram hjá þessum stífluframkvæmdum. Þeir komast einhvern veginn upp með það að þær séu bara einhver hliðarverkun af þessari framkvæmd sem þeir ætla í. Við

lítum alls ekki á þetta sem eitthvert smotteri. Þetta er bara stórmál og það krefst þess að það liggi fyrir virkjunarleyfi sem heimilar þeim að hækka þetta svona,“ segir Hulda.

Um framkvæmdina segir í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar að byggja eigi varnarstíflu í lóni virkunar svo tæma megi nyrðri hluta lónsins af vatni og í viðhaldi og endurnýjun stíflumannvirkja. Einnig í mokstri á uppsöfnuðu seti úr lóninu, flutningi og haugsetningu á efninu. Síðan verði varnarstíflan rifin.

Hulda segir það örugglega tímaþætt að moka gruggi upp úr lóninu og lagfæra stíflugarða.

„En núna ætla þeir að fara í svokallaðar endurbætur og þá nota þeir tækifærið og hækka stíflugarðana,“ segir Hulda bóndi á Fitjum. ■

FULLKOMINN Í BORGARFERÐIR

„Ítölsk hönnun hefur alltaf veitt okkur í HAF studio mikinn innblástur og þess vegna varð rafknúinn Fiat 500e fyrir valinu.“

Hafsteinn Júlíusson og Karítas Sveinsdóttir

NÝ SENDING Á LEIÐinni – TRYGGÐU ÞÉR EINTAK

ISBAND

PVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

FIAT



FIAT.IS • ISBAND.IS



HAUST ÚTSALA

VERÐDÆMI **PARKET, FLÍSAM, HURÐIR**

KRONOTEX HARÐPARKET

8 mm AC4 VERÐ FRÁ **1.890** KR. m²

10 mm AC5 VERÐ FRÁ **2.990** KR. m²

10 mm AC5 MAMMUT PLUS VERÐ FRÁ **3.890** KR. m²

12 mm AC5 MAMMUT VERÐ FRÁ **4.150** KR. m²

VIÐARPARKET

KÄHRS 3JA STAFA VERÐ FRÁ **5.490** KR. m²

KÄHRS PLANKAPARKET VERÐ FRÁ **5.990** KR. m²

VÍNYPARKET VERÐ FRÁ **4.590** KR. m²

VEGG- & GÓLFLÍSAM

30X60 VERÐ FRÁ **4.790** KR. m²

60X60 VERÐ FRÁ **5.590** KR. m²

40% AFSLÁTTUR AF FYLGIEFNUM FYRIR PARKET OG FLÍSAM

RINGO INNIHURÐIR

HVÍTLAKKAÐAR HURÐIR MEÐ KARM

VERÐ FRÁ **41.990** KR. FYLGIHLOTIR 25% AFSLÁTTUR

Birgisson®



Skrímsli úr íslenskum og argentínskum háhyrningum

kristinnhaukur@frettabladid.is

DÝRAVERND Háhyrningabjálfarinn John Hargrove, sem vann í 20 ár hjá Sea World, segir að skrímsli hafi verið búin til í garðinum með blöndun íslenskra og argentínskra háhyrninga. Þeir séu afar árásargjarnir og ekki hjálpi til að þeir séu geymdir í búrum.

Fyrstu lifandi háhyrningarnir voru veiddir við Íslandsstrendur árið 1975 við Vík í Mýrdal og var

komið fyrir í Sædýrasafninu í Hafnarfirði. Ári seinna hóf Sædýrasafnið útflutning á dýrum vegna mikillar eftirspurnar erlendra skemmtigarða. Sala á háhyrningum og háhyrningasæði var helsta tekjulind Sædýrasafnsins sem barðist fjárhagslega í bökkum.

Alls voru 63 dýr veidd og seld til útlanda á árunum 1976 til 1989, jafnvel eftir að Sædýrasafnið var komið í gjaldþrotameðferð. Þá undir merkjum fyrirtækis-



Mörg afkvæmi Tilikum frá Berufirði eru blendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

ins Fauna. Þekktastur íslensku háhyrninganna var Siggí, sem seinna fékk nafnið Keiko.

Hargrove, sem kom fram í hinni þekktu heimildarmynd Blackfish, segir við breska blaðið The Sun að kynblöndun íslenskra og argentínskra háhyrninga, hafi valdið miklum vandræðum fyrir garðana. Af 18 háhyrningum í eigu Sea World eru sex blendingar sem sýnt hafa árásargirni. Meðal þeirra er Keto, sem drap bjálfa sinn þegar

hann var lánaður til dýragarðsins Loro Parque á Tenerife.

„Þetta er eins og Jurassic World. Forsenda þeirrar myndar er að þeir bjuggu til blendingsrisaeðlur,“ segir Hargrove.

Hann segir forsvarsmenn Sea World hafa hagað sér með afar óabyrgum hætti því þeir hafi ekki haft hugmynd um hvers konar afkvæmi yrðu til úr blönduninni. Þessir hvalir myndu aldrei blandast úti í náttúrunni. ■

Berlingske flytur sig alfarið á vefinn

olafur@frettabladid.is

FJÖLMIÐLAR Um áramótin verða tímamót í fjölmiðlun í Danmörku þegar dagblaðið B.T. hættir að koma út í prentuðu formi og færir sig alfarið yfir á netið.

B.T. kom fyrst út 1916 sem léttari útgáfa Berlingske Tidende, elsta dagblaðs Danmerkur. Frá upphafi var B.T. ætlað að keppa við Ekstra Bladet, slúðurblað Politiken-útgáfunnar, sem hóf göngu sína 1904 sem kvöldblað Politiken en varð strax ári síðar sjálfstæður miðill.

Á velmektarárum þeirra í kringum 1990 seldust hátt í 200 þúsund eintök af hvoru blaði á dag. Síðan hefur dregið mjög úr útbreiðslu þeirra og segja má að slagurinn færist í sífellt auknum mæli á netið.

Pernille Holbøll, nýr aðalritstjóri B.T., segir vefútgáfu B.T. hafa sprungið út á síðustu fjórum árum



B.T. kom fyrst út árið 1916 en mun færa sig á vefinn um áramótin.

og vera orðna stærsta fréttamiðil Danmerkur.

Á sama tíma hafi prentupplagið minnkað mikið og standi ekki lengur undir sér fjárhagslega. Áherslan sé því lögð á símann, þar sem flestir Danir fá nú sínar fréttir.

Með þessu verður B.T. fyrsta dagblaðið í Danmörku til að verða með öllu rafrænt en búist er við að fleiri fylgi í kjölfarið. ■



Modi ávarpar landa sína frá Rauða virkinu í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Vill gera Indland að þróuðu ríki

arnartomas@frettabladid.is

INDLAND Stefnt er að því að Indland verði þróað land á næstu 25 árum. Þetta sagði Narendra Modi, forsætisráðherra Indlands, í þjóðhátíðarávarpi sínu frá Rauða virkinu í gær.

„Við verðum að breyta Indlandi í þróað land á næstu 25 árum, á okkar líftíma,“ sagði Modi í ræðu sinni. „Þetta er stór skuldbinding og við

ættum að vinna að henni af öllum okkar mætti.“

Fjöldi þátta er tekinn til greina við mat á þróunarstigi landa, þar á meðal landsframleiðsla, þjóðarframleiðsla og tekjur íbúa. Þá er einnig tekið tillit til lífsgæða og innviða. Hagkerfi Indlands er það sjötta stærsta á heimsvísu og fer ört vaxandi en tekjur íbúa eru þó enn langt undir viðmiði þróaðra landa. ■

Réttarhöld yfir Benjamin Mendy hafin

aron@frettabladid.is

FÓTBOLTI Réttarhöld hófust í gær yfir knattspyrnumanninum Benjamin Mendy, leikmanni Manchester City, og meintum samverkamanni hans Louis Saha Matturie. Alls eru nauðgunarákæurnar á hendur Mendy átta talsins og einnig hefur borist kæra er snýr að annars konar kynferðisofbeldi, sem og tilraun til nauðgunar.

„Þetta mál á lítið skylt við fótbolta,“ sagði Timothy Cray, saksóknari ákæruvaldsins, í opnunarræðu sinni.

„Við segjum miklu frekar að þetta sé annar kafli í mjög gamalli sögu



Benjamin Mendy, leikmaður Manchester City

um karlmenn sem nauðga og brjóta kynferðislega á konum vegna þess að þeir eru í valdastöðu og af því að þeir telja sig geta komist upp með slíkt athæfi.“

Brot Mendys eru sögð hafa átt sér stað á því sem The Sun lýsir sem afskekktu sveitasetri hans á tímabilinu október 2018 til ágúst 2021. ■



Afganskar konur mótmæltu skertum réttindum sínum fyrir utan skrifstofur menntamálaráðuneytisins í Kabúl um helgina en vopnaðir Talibanar leystu upp mótmælin og beittu sumar þeirra ofbeldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Framtíðin ekki björt ári eftir valdatöku Talibana

Hver krísan á fætur annarri hefur dunið á Afganistan í kjölfar valdatöku Talibana í ágúst í fyrra. Sérfræðingur í málefnum landsins segir framtíðarhorfurnar ekki bjartar.

tsh@frettabladid.is

AFGANISTAN Ár er liðið frá því að Talibanar náðu aftur völdum í Afganistan eftir að Bandaríkjamenn yfirgáfu landið í kjölfar tuttugu ára hersetu. Höfuðborgin Kabúl féll í hendur öfgahópsins þann 15. ágúst í fyrra og markaði nýtt og sláandi upphaf fyrir Afganistan sem hefur verið þræuepli heimsvelda svo áratugum skiptir.

Talibanar mynduðu ríkisstjórn í september síðastliðnum sem var einungis skipuð karlmönnum og hefur enn ekki verið formlega viðurkennd af neinu öðru ríki. Talibanar fóru hægt í sakirnar fyrst um sinn og lofuðu umbótum frá fyrri stjórnarhættum en fljótlega fór þó að bera á ýmsum hömlum á borgaralegu frelsi og sérstaklega kvenréttindum.

Í viðtali við Fréttablaðið síðastliðinn laugardag líkti doktor Aleksandar Sasha Bodiroza, fulltrúi Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna í Afganistan, landinu fyrir og eftir 15. ágúst 2021 við tvö gjörólík lönd. Brynja Dögg Friðriksdóttir, sem starfaði sem borgaralegur sérfræðingur hjá NATO á vegum Íslensku friðargæslunnar í Afganistan 2018-2019, tekur í sama streng.

„Almennt þá held ég að það sé alveg óhætt að segja að þetta er allt annað land en það var fyrir 15. ágúst 2021. Það sem kannski flestir þekkja til og vita um er að veruleiki kvenna og stúlkna er náttúrulega stórbreytt-

”

Heimur kvenna er bara svipur hjá sjón samanborið við það sem hann var í sumum borgum Afganistan.



Brynja Dögg Friðriksdóttir, kvikmyndagerðarkona

ur um allt land. Í rauninni hefur bara versta martröð mjög margra, kvenna og manna, raungerst,“ segir hún.

Stúlkur mega nú aðeins ganga í skóla upp að 6. bekk og stúlkur eldri en 12 ára hafa ekki fengið að stunda nám síðan skólar voru opnaðir aftur í mars síðastliðnum, þrátt fyrir loforð um hið gagnstæða. Konur hafa verið útilokaðar frá ýmsum störfum og mega nú ekki ferðast lengra en 70 kílómetra án karlkyns fylgdarmanns. Þá voru sett lög í maí sem skylda konur til að ganga með hijab og hylja andlit sitt á almannafæri auk þess sem kvenkyns fréttapulir hafa verið bannaðir í sjónvarpi.

Um 40 konur söfnuðust saman fyrir utan skrifstofur menntamálaráðuneytisins í Kabúl og mótmæltu skertum réttindum sínum um helgina. Vopnaðir Talibanar leystu upp mótmælin með því að skjóta úr rifflum upp í loft og börðu einhverjar kvennanna.

„Heimur kvenna er bara svipur hjá sjón samanborið við það sem hann var í sumum borgum Afganistan. Það hefur náttúrulega alltaf verið rosa mikill munur á milli svæða í landinu, þannig að það er ekkert endilega samasemmerki á milli þess hvernig lífið var orðið fyrir konur í Kabúl og víðar í afskekktari byggðum. En engu að síður þá heilt yfir núna er veruleiki kvenna og stúlkna ekki svipur hjá sjón.“

Íbúar Afganistan hafa ekki bara þurft að glíma við skert réttindi og undirokun stjórnvalda heldur hefur hver krísan á fætur annarri dunið á landinu undanfarið ár. Afganistan hefur þjáðst af mikilli efnahagskreppu eftir að gjaldeyrisforði landsins var frystur í kjölfar valdatöku Talibana. Síðasta vetur glímdu Afganar við eina verstu hungursneyð síðari ára og heilbrigðiskerfið var að hruni komið. Í júní varaði Alþjóðasamband Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) við því að um 70 prósent afganskra heimila næðu ekki að mæta grundvallar- og matarþörfum. Þá reid risastór jarðskjálfti yfir landið í júní þar sem yfir 1.000 mann létust og 1.500 særðust.

„Framtíðin er ekkert ýkja björt. Mér finnst leiðinlegt að geta ekki verið jákvæðari. Ef það væru stjórnvöld sem væru betur funkerandi og bæru hag þjóðar sinnar fyrir brjósti þá væru hlutirnir kannski aðeins bjartari,“ segir Brynja Dögg. ■



TRYGGÐU ðÉR SÆTI Á FREMSTA BEKK

**LEIKSTJÓRN OG FRAMLEIÐSLA
SKAPANDI TÆKNI
HANDRIT OG LEIKSTJÓRN
LEIKLIST**

Hjá **Kvikmyndaskólanum** er alltaf opið fyrir inntöku, alla daga ársins. Niðurstöður úr umsóknarferli liggja fyrir í mesta lagi 40 dögum eftir að umsókn berst.

Við erum að taka inn nýnema á vormisseri sem hefst **21. janúar**, enn eru örfá sæti laus, og á haustmisseri sem hefst **18. ágúst**. **Skráðu þig og skapaðu þér spennandi framtíð í ört vaxandi fagi.**



**KVIKMYNDASKÓLI
ÍSLANDS**

kvikmyndaskoli.is

Ódauðlegur sjarmör



Elin Hirst
elinhirst
@frettabladid.is

Það er ótrúlegt hvað maður sem var uppi fyrir 800 árum getur haft mikið aðdráttarafl. Hann var sem sagt í blóma lífsins árið 1250, ímyndið ykkur það. Hann bjó vestur í Dölum en þangað er um tveggja og hálfis tíma akstur frá Reykjavík. Til þess að komast til fundar við þennan mann á rafmagnsbíl þarf meira að segja að hlaða bílinn á bakaleiðinni með tilheyrandi umstangi, en það er engin hindrun.

En hver skyldi þessi mikli sjarmör vera? Jú, hann heitir Sturla Þórðarson og skrifaði hluta Sturlungasögu, eina gerð Landnámabókar, var konunglegur sagnaritari og ef til vill höfundur fleiri frægra Íslendingasagna eins og Eyrbyggju.

Um helgina hélt Sturlufélagið Sturluhátíð sem tileinkuð var þessum mikla sagnaritara. Stofnandi Sturlufélagsins var Svavar heitinn Gestsson, fyrrverandi ráðherra, og hann var svo sniðugur að fá í lið með sér aðra hamhleypu, Einar K. Guðfinnsson, fyrrverandi ráðherra og forseta Alþingis, til þess að stýra félaginu. Seint verður sagt að Svavar og Einar hafi verið sam-mála í pólitík, en Íslendingasögurnar eru hafnar svo langt yfir stjórnmálapref.

Sturluhátíð var ekki ein af þessum hefðbundnu útihátíðum þar sem allt er á útopnu með sölutjöldum og fánum heldur rólegheita viðburður; göngutúr með fornleifafræðingum um Staðarhól í Dölum þar sem Sturla Þórðarson bjó og síðan fyrirlestrar og tónlist í Félagsheimilinu Tjarnarlundi með tilheyrandi kaffiveitingum og kleinum í boði heimamanna.

Flestir áttu von á um 10 til 20 manna samsæti sérvitringa sem eru með Íslendingasögurnar á heilanum en það varð nú aldeilis ekki raunin. Þegar hátíðarstundin rann upp hafði myndaðist löng bílalest frá Þjóðvegi 1 og inn allan afleggjarann að Staðarhóli, svo mikill var áhuginn.

En leyndarmálið var ekki bara Sturla Þórðarson. Einar Kárasón rithöfundur hefur fært Íslendingum Sturlungu í frábærum nýjum búningi sem gerir það að verkum að Hvamms-Sturla og niðjar hans, Snorri, Sighvatur, Þórður kakali og Sturla Þórðarson, eru orðnir heimilisvinir á ný. Einar var auðvitað aðalfyrirlesarinn á Sturluhátíð sem ekki dró úr aðsókninni. Til að kóróna allt saman tróðu tvö af barnabörnum Svavars Gestssonar, þau Tumi og Una Torfabörn, upp á hátíðinni, með frábærri tónlist, enda Una á góðri leið með að verða einn vinsælasti tónlistarmaður landsins.

Hinum vígreifu Sturlungum hefði sko ekki leiðst í Tjarnarlundi um helgina. ■

”

Flestir áttu von á um 10 til 20 manna samsæti sérvitringa sem eru með Íslendingasögurnar á heilanum, en það var nú aldeilis ekki.

■ Halldór



■ Frá degi til dags

benediktboas@frettabladid.is

Merkingar

Morgunblaðið greindi frá því í gær að yfir fjögur þúsund tonn af bakkelsi hefðu verið flutt inn til landsins á síðasta ári. Það er rosalega mikið því flestir eru sammála um að örbylgjuhitað bakkelsi sé ákaflega vont. Það kom svo einnig fram að það væri ekki lagaleg skylda að merkja innflutta bakkelsið sem kaffihús eða bakari bjóða upp á.

Kannski væri upplagt að láta neytendur vita að þúsund króna croissant með ostsneið sé bara hitað í örbylgjunni þótt það sé ekki lagaleg skylda. Siðferðislega væri það kannski bara fint.

Loftið ljóta

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum, sem hefur bannað eldgosið í Meradölum börnum yngri en 12 ára, sendi frá sér skeyti um helgina. Þar er bent á að ekki sé ráðlegt að börn dvelji lengur en 15 mínútur á stað þar sem loftmengun er yfir heilsuverndarmörkum.

Nú þegar stutt er í að borgar-búar setji nagladekk undir bílana sína er ekki úr vegi að benda á að löggjafanum er slétt sama um börnin í borginni því þau mega anda að sér svifryki frá nagladekkjum borgarinnar. Helst daga og nætur þó að varla festi snjó í borginni nema nokkra daga á ári. En að gosinu mega þau ekki fara. ■

Hagsæld og velferð



Heiða Björg Hilmisdóttir
borgarfulltrúi
og varaformaður
Sambands
Íslenskra
sveitarfélaga

Helstu áskorunum samtímans verður ekki mætt án kröftugrar aðkomu sveitarfélaga. Þar get ég nefnt loftslagsmálin, baráttuna fyrir jöfnuði og jöfnum tækifærum fólks, jafnrétti kynjanna, farsæla móttöku flóttafólks og margt, margt fleira. Sveitarfélögin móta líka umgjörð okkar daglega lífs, húsnæði, atvinnu, menntun og velferð allra íbúa. Þrátt fyrir að sveitarfélögin séu mörg og ólík þá liggja hagsmunir þeirra saman, enda eru verkefni þeirra þau sömu, að skapa gott samfélag þar sem fólk velur að búa, starfa og njóta lífsins saman. Mikilvægt er að tryggja gagnkvæma virðingu í samskiptum og samvinnu ríkis og sveitarfélaga því þessir aðilar þurfa að ná saman um skýra verka- og ábyrgðarskiptingu við veitingu opinberrar þjónustu. Nú þegar sveitarstjórnarmál, húsnæðismál, skipulagsmál, byggðamál og samgöngumál eru öll komin undir eitt ráðuneyti, innviðaráðuneyti, er tækifæri til að hugsa þessa hluti upp á nýtt.

Við viljum byggð um allt land, það er okkar sameiginlega mikilvæga verkefni. Þannig byggist upp samkeppnishæft lífsgæðaland til lengri tíma. Samgöngusáttmálinn var mikilvægt framfaraskref í þessum efnu og nýr rammasamningur um húsnæðisáætlun gefur okkur tækifæri til að semja um uppbyggingu húsnæðis í takt við þörf á hverjum stað. Hið sama þyrfti að gera í öðrum stórum málaflokkum þar sem ríki og sveitarfélög þurfa að leggjast á eitt, til að mynda við innleiðingu farsældarlaganna um þjónustu við börn, þjónustu við fatlaða í samræmi við skuldbindingar sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, þjónustu við aldraða og fleira.

Þá er nauðsynlegt að semja um nýja tekjuskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga og endurskoða tekjustofna sveitarfélaganna þannig að þau verði sjálfbær og fær um að byggja upp innviði og þá öflugu þjónustu sem við öll viljum að sé veitt. Góð fjárhagsleg staða ríkissjóðs samanborið við þá krefjandi stöðu sem mörg sveitarfélög standa nú frammi fyrir eftir þrengingar Covid-áranna, sýnir svo ekki verður um villst, að vitlaust er gefið. Það er allra hagur að úr því verði leyst sem fyrst enda eru sterkari sveitarfélög lykillinn að hagsæld og velferð um allt land. ■

”

Við viljum byggð um allt land, það er okkar sameiginlega mikilvæga verkefni.



WOW skilaði meiru en allur áliðnaðurinn – Óttari svarað



Skúli Mogensen

Sæll, Óttar.

Ég hef ekki lagt það í vana minn að svara misgáfullegum skrifum um mig eða WOW air en pistill þinn í Fréttablaðinu síðastliðinn laugar- dag var svo fullur af rangfærslum og dylgjum að ég á erfitt með að láta það kyrrt liggja fyrir utan það að boðskapurinn í þessum skrifum þínum sem fjölmiðlamaður og geð- læknir eru fyrir neðan allar hellur.

Aðalinntak greinar þinnar virð- ist vera að ráðherrar hafi gert stór- kostleg mistök með því að koma í opnun á Sjöböðunum í Hvammsvík þar sem ég, samkvæmt þinni skil- greiningu, er gjaldþrota auðmaður og hvernig dettur þeim í hug að sýna sig með slíkum manni? Hér eru sem sagt skilaboðin þau að ef einhverj- um mistekst þrátt fyrir að hafa átt farsælan feril þá ber að hafna við- komandi, setja til hliðar og útskúfa. Að sama skapi, átti undirritaður að gefast upp og leggjast í kör og hætta frekari frumkvöðlastarfsemi og uppbyggingu? Ég vona svo sannar- lega að þetta séu ekki ráðin sem þú gefur þínum skjólstæðingum.

Þér til upplýsingar þá er ég í dag hvorki gjaldþrota né auðmaður, enda illmögulegt að vera hvort tveggja í senn.

Ég var vissulega nærri persónu- legu gjaldþroti eftir fall WOW enda lagði ég allt undir og meira til og var í gríðarlegum persónulegum ábyrgðum. En þökk sé góðum vinum, fjölskyldu og mikilli vinnu hefur mér tekist að vinna mig upp á nýjan leik og vona að ég geti verið fyrirmynd í því að gefast ekki upp þó að á móti blási. Ég hef verið mjög lánsamur að vinna ítrekað með frábæru fólki og komið að uppbyggingu tuga fyrirtækja sem mörg hver þóttu ekki mjög lífvæn- leg þegar farið var af stað. Þetta átti svo sannarlega við um OZ á sínum tíma sem við seldum til Nokia fyrir metfé á þeim tíma, Íslandssíma sem lifir enn góðu lífi nú undir merkjum Sýnar, og endurreisn MP Banka, nú Kviku, sem hefði líklega aldrei orðið af ef ég hefði ekki leitt hóp fjárfesta skömmu eftir hrun þegar enginn vildi snerta banka með töng. Þessar fjárfestingar og uppbygging gerðu mig að auðmanni á þeim tíma sem svo aftur gerði mér kleift að setja um fjóra milljarða í stofnun og uppbyggingu WOW air. Skora ég á þig að rýna í ágæta grein eftir Egil Almar Ágústsson, Hagsmunir flug-

félaga og samfélagsins, sem birtist í Viðskiptablaðinu í maí 2021 til að fræðast nánar um áhrif WOW en þar ályktar hann að fjárfesting mín í WOW air hafi verið besta fjár- festing Íslandssögunnar fyrir alla nema mig.

Það er nefnilega afskaplega mikil einföldun að taka punkt- stöðu WOW við gjaldþrotið og dæma félagið eingöngu út frá því. Staðreyndin er sú að WOW skilaði gríðarlegum verðmætum inn í samfélagið með um 1.500 starfsmenn þegar mest lét og á fyrsta ársfjórðungi 2018 fluttum við fleiri farþega heldur en Ícelandair. Það sama ár skilaði WOW um 120 milljörðum í gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið, meira heldur en saman- lagður áliðnaðurinn allur það árið. Ísland er komið til að vera sem öfl- ugur ferðamannastaður og er ég stoltur af aðkomu WOW að þeirri uppbyggingu og ekki sist þeirri þekkingu og reynslu sem varð til í þeirri uppbyggingu sem við stóðum fyrir. Þú nefnir Suðurnesin sérstak- lega, minn heimabæ, en þar var yfir 25% atvinnuleysi þegar ég stofnaði WOW en á örfáum árum var þar orðið neikvætt atvinnuleysi og þó að vissulega setti fall WOW strík í reikninginn til skamms tíma þá er uppbyggingin á Suðurnesjum líka varanleg og verið hefur gaman að fylgjast með og taka þátt í henni áfram. Ég er ekki að rifja þessa sögu upp til að slá mig til riddara heldur eingöngu að benda á rangfærslur í skrifum þínum og hversu vafa- samur boðskapurinn er sem leynist í honum.

Augljóslega á líka að reyna að koma ódýru höggi á ráðherra fyrir að voga að sýna sig með svona óráðsmanni eða að taka þátt í upp- byggingu á landsbyggðinni þar sem Hvammsvík Sjöböð eru núna orðin stærsti vinnuveitandi Kjósarhrepps. En líkt og Suðurnesin forðum daga þá tel ég augljóst að Hvalfjörðurinn á mikið inni.

Ólíkt þér þá tel ég það bráðnauð- synlegt að íslenskir ráðamenn styðji við atvinnulífið, búi því til umgjörð og farveg þannig að þar eigi sér stað eðlileg samkeppni, uppbygging og nýsköpun, sama hvaða flokki þeir tilheyra. Það er okkur sönn ánægja að bjóða þér í heimsókn til okkar í Hvammsvíkina og kynna fyrir þér þá uppbyggingu sem á sér stað í Hvalfirðinum. ■

”
Staðreynd- in er sú að WOW skilaði gríðarleg- um verð- mætum inn í sam- félagið með um 1.500 starfsmenn þegar mest lét og á fyrsta árs- fjórðungi 2018 fluttum við fleiri farþega heldur en Ícelandair.



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is





Ástkær eiginmaður, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,
Karl Magnús Svafar Karlsson
Maggi Kalla
Boðahleinn 11,
áður Norðurbraut 17, Hafnarfirði,

lést í faðmi fjölskyldunnar að heimili sínu 10. ágúst.
Útför fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði fimmtudaginn
25. ágúst klukkan 13.

Guðbjörg Jónína Katrín Arndal

Guðný Þórunn Magnúsdóttir
Stefán Karl Magnússon
Elin María Magnúsdóttir
Lára Björk Magnúsdóttir
Kristján Ævar Magnússon
Karólína Ósk Valgeirsdóttir
Sigrún Björk Sverrisdóttir
Reynir Jóhannsson
Erla Lúðvíksdóttir
Gunnar Örn Árnason
afabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,
Agnes Jónsdóttir
Vesturhópi 1, Grindavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi,
miðvikudaginn 10. ágúst.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju,
föstudaginn 19. ágúst klukkan 13.

Jón Ólafsson

Ingunn Jónsdóttir

Jón Gunnar Ólafsson
Hjördis Ólafsdóttir
Eiríkur Ingi Ólafsson
Aron Smári Sæmundsson
Ólafur Frosti Brynjarsson
Huldís Brynjarsdóttir
Brimdís Brynjarsdóttir

Helga Jakobsdóttir

Brynjar Freyr Nielsson
Sæunn Reynisdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða
þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að
senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is
eða hringja í síma 550 5055.

Frændafundurinn aldrei stærri

Íslensk-færeyska ráðstefnan
Frændafundur hefst í dag og
stendur til 18. ágúst í Háskóla
Íslands. Alls verður boðið upp
á um 60 fyrirlestra og hafa þeir
aldrei verið fleiri á þessari ráð-
stefnu.

birnadrofn@frettabladid.is

„Frændafundurinn var haldinn í fyrsta
sinn árið 1992 og er hluti af samstarfs-
samningi milli Háskóla Íslands og
háskólans í Færeyjum sem kallaður er
Fróðskaparsetur,” segir Jóhannes Gísli
Jónsson, prófessor við Háskóla Íslands
og einn skipuleggjenda Frændafundar-
ins.

Um er að ræða íslensk-færeyska ráð-
stefnu sem hefst í dag og stendur til 18.
ágúst. Frændafundurinn er nú haldinn í
ellefta sinn og hefur aldrei verið stærri. Á
ráðstefnunni er fjallað um viðfangsefni
sem tengjast Íslandi eða Færeyjum en
markmiðið er að leiða saman íslenska og
færeyska fræðimenn á ólíkum sviðum
og skapa ný tækifæri til rannsóknasam-
starfs milli þessara frændþjóða.

Spurður að því hvort mörg tækifæri
seu til fræða- og rannsóknasamstarfs á
milli Færeyja og Íslands segir Jóhannes
svo vera. „Færeyjar eru auðvitað lítið
samfélag, það er ekkert leyndarmál, en
þar er háskóli með um þúsund nemend-
um og þar eru alls kyns fræði stunduð
og miklu meira að gerast en fólk gerir sér
grein fyrir,” segir hann.



Frændafundurinn er haldinn til skiptis á Íslandi og í Færeyjum. MYND/HÁSKÓLI ÍSLANDS



Jóhannes Gísli Jónsson, prófessor.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Spádómar

SPÁMIÐILL

ER BYRJUÐ AFTUR

• SPÁÍ Í SPIL OG KRISTALSKÚLU

• MED HJÁLPIÐ AÐ HANDAN

• HEILUN

ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI

S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjórnuþpá. Tarot. Ársspá.
Draumráðningar, ást og peningar.
Andleg hjálp. Trúnaður.

Húsaviðhald

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK
- FLÖTUN - SANDSPARSL -
MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar
fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Getum bætt við okkur utan
og innanhúss málningarvinnu.
runarmurari.is S. 7743800

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.
Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð
verð. Straumblik ehf. Löggiltur
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

myranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli.
Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas,
snitsel og steikur. www.myranaut.is
s. 868 7204

STIGA

Einstök gæði

Stiga TwinClip 950V
Lúxus sláttuvél með drifi
Stigalaust drif-198cc, 2,20KW mótör
Tvískiptur hnifur, slær X-smátt
70 ltr.notendavænn graskassi
Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp.

Sími 564 1864

www.vetrarsol.is

VETRARSÖL

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is

Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

GEFÐU HÆNU

gjofsemgefur.is
907 2003

Hjálparstarf kirkjunnar

Til bygginga



NÝKOMID BANKIRAI
HARÐVIÐARPALLAEFNI
21X145MM VERÐ 1.950 KR
METERINN

slétt beggia megin, ofnþurrkað.
Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar.
Harðviður til húsbýgginga. Sjá
nánar á vidur.is Vatnasklæðning
21x125mm, panill 10x85mm,
útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100)
Eurotec skrufur, Penofin og
Armstrong Clark harðviðaroliur.
Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230,
á magnus@vidur.is og frá kl 10-14 á
Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

Húsnæði

Húsnæði í boði

Nýjar 2-3 herb. íbúðir í Mörkinni 8,
108 RVK fyrir rólega og reglusama
eintaklinga eða pör (plús 30 ára).
Langtímaleiga. V. 250 þ. Uppl. í s.
898-7868 milli kl. 13-16.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að
20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Heilsa

Heilsuvörur

BLÖÐIN

Bláðið í dag og safn eldri bláða á frettabladid.is

MECALUX

Altt fyrir vöruhús og lager



VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - sími: 535 1300 - verslun@verslun.is



geiri
www.geiriahf.is



ÁLETRUN OG VINNA*

INNIFALIN AF ÖLLUM LEGSTEINUM



AUKAHLUTIR S.S. LUKT OG VASI FYLGJA EKKI MEÐ Í TILBOÐI

ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ
HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á
LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ
OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM
ERU FARNIR AÐ HALLA.



*Innifalinn áletrun miðast við 1 nafn ásamt uppsetningu legsteins.
Áktursgjöld bætist við út á land
Með fyrirvara um prentvillur og uppseldar vörur.

FOSSALEYNI 16
112 REYKJAVÍK

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS



ÍSHÚSIÐ

S:566 6000 • ishusid@ishusid.is • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Ágúst tilboð

Topstar

MADE IN
GERMANY

30%
afsláttur

Headpoint

VERÐ NÚ
72.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
104.900 kr.

P90 með netabaki

VERÐ NÚ
84.900 kr.
LISTAVERÐ ÁÐUR
123.900 kr.

H1 rafmagnsborð

30% afsláttur

H1 rafmagnsborðin fást í
stærðum frá 100x60 til 160x80

VERÐ NÚ FRÁ
66.850 kr.

LISTAVERÐ ÁÐUR
95.500 kr.

www.hirzlan.is

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN



RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

Verslun opin
mán-fim 09:00-18:00,
föstudaga 09:00-17:00,
laugardaga 12:00-16:00.

Lager opin
mán-fim 13:00-17:00
og föstudaga 13:00-16:00.

Síðumúla 37
Sími: 564-5040
hirzlan@hirzlan.is

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sýnisælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinsonar.
- 20.00 Kaupmaðurinn á horninu (e)** Þáttaröð um sögu og sérstöðu kaupmennskunnar á Íslandi.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

RÚV Sjónvarp

- 08.10 EM í frjálsíþróttum** Bein útsending frá Þýskalandi.
- 12.15 Í garðinum með Gurrý**
- 12.45 Heimaleikfimi**
- 12.55 Sumarlandinn**
- 13.30 Íspjóðin með Ragnhildi** Steinunni Saga Sigurðar-dóttir.
- 13.55 Náttúran mín** Eyjafjöll.
- 14.25 Matarmenning - Gin**
- 14.55 Íslendingar** Sigríður Hagalín.
- 15.55 EM í sundi** Bein útsending frá keppni á Ítalíu.
- 18.15 Sumarlandabrot 2020** Lovisa Thompson - handbolti.
- 18.20 KrakkaRÚV**
- 18.21 Hönnunarstirnir**
- 18.38 Sögur - stuttmyndir** Dularfulla hálsmenið.
- 18.47 Tilfinningalíf** Leiði.
- 18.50 Lag dagsins** Viskubrunnur - Greifarnir.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Fiskilíf Fiskeliv**
- 20.10 Ella kannar Suður-Ítalíu - Sikiley - seinni hluti** Finnsku sjónvarpskonunni Ellu Kanninen er hér fylgt eftir á ferðalagi um Suður-Ítalíu þar sem hún kynnir sér staðhætti, menningu og nýtur rómaðrar matargerðar.
- 20.40 Rökstólar Mötet**
- 21.00 Trúður Klovn**
- 21.30 Heima** Bresk gamanþáttaröð um Peter og Katy sem snúa heim til Englands eftir fyrsta sumarfríð saman í Frakklandi.
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Grafin leyndarmál - Unforgotten**
- 23.10 Ófærð II**
- 23.55 Dagskrárlok**

Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 The Neighborhood**
- 15.25 George Clarke's Remarkable Renovations**
- 16.55 90210**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 mixed-ish**
- 19.40 Ghosts**
- 20.10 A Million Little Things**
- 21.00 Bull**
- 21.50 Evil**
- 22.35 The Chi**
- 23.35 The Late Late Show**
- 00.20 FBI**
- 01.05 Yellowstone**
- 01.50 Transplant**
- 02.35 Annika**
- 03.35 Queen of the South**

Stöð 2

- 08.00 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 09.00 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Grey's Anatomy**
- 10.05 Shark Tank**
- 10.50 Jamie's Quick and Easy Food**
- 11.15 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 11.40 Einkalífið**
- 12.20 Home Economics**
- 12.35 Nágrannar**
- 13.00 30 Rock**
- 13.20 Spegill spegill**
- 13.45 Amazing Grace**
- 14.30 Claws**
- 15.15 The Greatest Dancer**
- 16.30 The Masked Singer** Spreng- hægileg og öðruvísi söngva- keppni þar sem grímu- klæddir, frægir einstaklingar keppa sín á milli.
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakkin**
- 18.50 Ísland í dag**
- 19.00 Jamie's Easy Meals for Every Day**
- 19.30 Hell's Kitchen**
- 20.10 Saved by the Bell**
- 20.40 Last Man Standing**
- 21.05 The Goldbergs**
- 21.30 Better Call Saul**
- 22.15 Last Week Tonight**
- 22.45 Unforgettable**
- 23.25 Coroner**
- 00.10 Cheaters**
- 00.40 Delilah**
- 01.15 The Mentalist**
- 01.55 Grey's Anatomy**
- 02.40 Shark Tank**
- 03.25 Home Economics**
- 03.45 30 Rock**

Lúxusgisting í eyfiskum torfbæ

Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Sjöfn Þórðar leggur leið sína norður í Eyjafjarðarsveit og heimsækir Heiðísi Pétursdóttur í Íslandsbæinn Old Farm. Íslandsbærinn er nýuppgerður fjögurra bursta bær í Hrafnagili þar sem boðið er upp á lúxusgistingu. Sjöfn heimsækir líka Guðrúnu Höddu Bjarnadóttur veflista- konu í listhúsið Dyngjuna. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT

- 1 sneið
5 álygi
6 í röð
8 ríki í afriku
10 prófgráða
11 rand
12 lagfæra
13 áraun
15 sóun
17 lína

LÓÐRÉTT

- 1 þróun
2 dóla
3 deilur
4 pása
7 flenniviður
9 skýlaus
12 hólbunga
14 kaðall
16 tveir eins

LÁRÉTT: 1 flæga, 5 rög, 6 fgr, 8 angóla, 10 ma, 11 rap, 12 bæta, 13 áttak, 15 sólund, 17 gríni.
LÓÐRÉTT: 1 framrás, 2 lóna, 3 agð, 4 afliát, 7 gapandi, 9 órækur, 12 ball, 14 tög, 16 nn.

Sudoku

6		2		4	5		1	
1		4	6		2		9	
	7	8	9					
	8		1			9	6	
9								7
	4	1		9		5		2
		3						
7					4	6		
	5		2	1	7	3		

		4	8				3	7
							4	2
	9						5	
				1	9	7		3
	7		4			6		
3	4	1		6	2			
	2			5				
	1	9		7			6	8
7		3						

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Matthieu Cornette (2.551) átti leik gegn Sebastien Feller (2.552) á franska meistaramóti.

14. Dxe6+! 1-0. Svartur er mát eftir **14...fxe6 15. Bg6#.** Vignir stóð sig vel á skákmóti í Uppsölum og endaði í þriðja sæti. Gauti Páll Jónsson teflir á EM áhugamanna í Zagreb. Skáklífið á Íslandi kemst brátt úr vetrardvala. Borgarskákmótið fer fram á fimmtudaginn í Ráðhúsinu. Öllum opið.

www.skak.is: Gauti í Zagreb.

Pondus



Eftir Frode Øverli

FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

Föstudaginn 12. ágúst gefur Fréttablaðið út sérblaðið

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Að vanda er boðið upp á fjölmargar fróðlegar greinar og viðtöl.

Allir sem eru að velta fyrir sér námi fá góða yfirsýn yfir það sem er í boði í blaðinu.

Blaðið er mjög vinsæll valkostur fyrir menntastofnanir, einkaskóla og fyrirtæki til að auglýsa eða kynna það sem þau hafa upp á að bjóða.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Jón Ívar Vilhelmsson, markaðsfulltrúi
Sími 550 5654 / jonivar@frettabladid.is

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Hvað er að fréttu?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á
frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir,
léttar fréttir, íþrótt fréttir, viðskiptafréttir,
skoðanapistla, spottið og auðvitað blað
dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



Á einhverjum mörkum lífs og dauða



Þorvaldur S. Helgason

tsh

@frettabladid.is

Í Sólrúnu skrifar Sigurlín Bjarney Gísladóttir um samnefnda áttæða söguhetju sem ákveður að segja skilið við líf sitt í þjónustuíbúð og halda út í óvissuna á puttanum. Bókin á sér langan aðdraganda og fjallar um ýmis þemu á borð við ástina, dauðann og kynslóðabilið.

Sigurlín Bjarney Gísladóttir sendi á dögunum frá sér sína fyrstu skáldsögu, Sólrúnu, sem segir frá samnefndri konu um áttætt sem ákveður að láta sig hverfa úr þjónustuíbúð fyrir aldraða og leggur af stað norður í land á puttanum. Sigurlín segir bókina eiga sér langan aðdraganda. Hún byrjaði að skrifa söguna í kringum 2010 en þegar bók með svipað umfjöllunarefni kom út ári síðar setti hún handritið á ís.

„Ég var í rithóp þar sem ég þurfti að skila inn köflum. En síðan kom Gamlinginn sem skreið út um gluggann og hvarf út og þá setti ég þetta handrit bara lengst ofan í skúffu í mörg ár. Ég er búin að vera að malla með þetta núna í mörg ár og búin að breyta fram og til baka. Ég veit ekki hversu oft ég er búin að endurskrifa, ég hef ekki tölu á því. Ég held að maður geti verið að endurskrifa inn í eilífðina. En maður þarf einhvern tíma bara að ákveða hvenær þetta er tilbúið.“

Í Sólrúnu er minnst á kvikmyndina Börn náttúrunnar eftir Friðrik Þór Friðriksson sem einnig fjallar um gamalt fólk sem flýr af elliheimili. Spurð hvort um sé að ræða ákveðið minni í bókmenntasögunni segir Sigurlín Bjarney:

„Já, þetta er örugglega partur af því. Mér fannst ég verða að ávarpa þá bíómynd í bókinni og hún (Sólrún) er sko aldeilis ekki sammála því að hún sé eins og fólkið í henni því hún er bara ekkert svona gömul eins og þau. Það er svo fallett þegar maður er orðinn gamall og finnst maður verða eilíflega tvítugur. Það er mikið af svona bókum og verkum en það sem mér finnst oft ekki vera nógu gott er að það er oft svona einhver krúttleiki í kringum það. Ég er að reyna að fara ekki þangað en það er eiginlega bara lesenda að dæma hvort mér takist það.“

Óyfirstíganlegt kynslóðabil

Sigurlín telur það vera eðlilegan part af mannlegri tilveru að vilja sleppa frá ellinni og dauðanum. Þá er annað umfjöllunarefni sem hana langaði sérstaklega að fjalla um, sem er kynslóðabilið.



”

Ég held að maður geti verið að endurskrifa inn í eilífðina. En maður þarf einhvern tíma bara að ákveða hvenær þetta er tilbúið.

„Sólrún hittir oft ungt fólk sem hún skilur ekki alveg og það er svolítið að segja henni til syndanna en á mjög fallegan hátt. Í einhver skipti lærir hún af þeim og ég held að það sé svo mikilvægt af því þetta kynslóðabil er stundum bara óyfirstíganlegt. Ég held að það sé svo ótrúlega mikilvægt að þegar ég verði gömul þá verði ég tilbúin að læra af þeim sem eru yngri og öfugt. Af því það er kannski einhver mýta að maður verði eitthvað vitur og settlegur þegar maður verður gamall, ég held að við séum alls konar á öllum aldurs skeiðum.“

Ástin og dauðinn


Í Sólrúnu er einnig fjallað um mál-

efni sem er ekki algengt umfjöllunarefni í bókmenntum, hinsegin ástir eldra fólks. Sólrún uppgötvar að hún er tvíkynhneigið og hefur sambúð með Birnu, konu sem hún kynnist á elliheimilinu. Spurð hvort þetta hafi verið eitthvað sem hana langaði sérstaklega að fjalla um segir Sigurlín Bjarney:

„Þetta bara gerðist. Ég var með þessa persónu Birnu og svo allt í einu kom þetta upp. Ég veit ekki hvort ég ákvað það en það gerðist og Sólrúnu finnst ekkert eðlilegra. Það er í rauninni umhverfið sem er einhvern veginn að segja henni til um hvernig hún á að vera og svo fær hún samtál með æskuvinkonu þar sem hún þarf kannski svolítið svona að velta þessu fyrir sér. Vonandi er það framtíðin og að umhverfið fari ekki að reyna að stýra hlutunum. Það eru ekkert allir endilega að koma út úr skápnum þegar þeir eru ungir eða unglingar, kannski er fólk að koma út úr skápnum á elliheimilum.“

Þótt saga Sólrúnar virki blátt áfram til að byrja með þá er margt órætt undir yfirborðinu og ákveðinn ankannaleiki svífur yfir vötnum.

„Sólrún lendir ítrekað í því að fólkið sem hún hittir, hún kemst



Sólrún er fyrsta skáldsaga Sigurlínar Bjarneyjar. Kápa/Bjartur

að því eftir á að það er látið. Þannig að þetta er svona á einhverjum mörkum lífs og dauða. Ég hef það bara svolítið opið. Kannski er hún nú þegar dáin, kannski dó hún bara í þjónustuíbúðinni eða kannski er hún að deyja í Dimmuborgum, ég veit það ekki. Það verður hver og einn að finna fyrir sig,” segir Sigurlín Bjarney. ■

Sigurlín Bjarney byrjaði að skrifa Sólrúnu fyrir rúmum áratug.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll.
Margir litir af áklæði eða leðri.



Komið og skoðið úrvalið

NYFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Fortíð og hinseginleiki í Grófinni

tsh@frettabladid.is

Borgarbókasafnið Grófinni stendur í dag fyrir viðburðinum Hinsegin útgáfa | Er hægt að lifa án fortíðar? Þar sem hollenski rithöfundurinn og listamaðurinn Simon(e) van Saarloos mun kynna bók sína Take 'Em Down. Í bókinni sækir van Saarloos innblástur í líf hinsegin fólks sem sagan hefur þurrkað út og hugleiðir hvort og hvernig hægt sé að lifa án fortíðar. Um leið gagnrýnir hán hvernig hið hvíta minni – þar á meðal hennar eigið – hefur tekið sumum sögum sem sjálfsögðum hlut á sama tíma og aðrar sögur hafa verið þurrkaðar út.

Auk van Saarloos mun mannfræðingurinn Inga Dóra Björnsdóttir flytja erindi undir yfirskriftinni Minnisvarðar: Tákn saklauss stolts eða valds og yfirráða? Þá verður



Simon(e) van Saarloos mun kynna bók sína Take 'Em Down.

sýnt brot úr myndbandinu Sögu- legur andlegur titringur – geimferðaáætlun frá samvinnuhópnum Herring, Iron, Gunpowder, Humans & Sugar (HIGHS).

Viðburðurinn hefst klukkan 17 í Borgarbókasafni Grófinni. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

Simon(e) van Saarloos er hollenskur rithöfundur og heimspekingur. Hán er höfundur fjögurra bóka, sem tvær hafa verið þýddar á ensku: Playing Monogamy (Publication Studio, 2019) og Take 'Em Down um dreifða minnisvarða og hinsegin gleysku.

Inga Dóra Björnsdóttir er mannfræðingur að mennt og starfaði sem aðjunkt við mannfræðideild háskólans í Kaliforníu, Santa Barbara. Eftir Ingu Dóru liggja tvær ævisögur, Ólöf eskimói og Kona þriggja eyja, en hún líka hefur skrifað mikið um þjóðernishyggju, kyngervi og íslensku kvennahreyfinguna.

Herring, Iron, Gunpowder, Humans & Sugar (HIGHS) er samvinnuhópur sem hefur starfað frá 2017 skipaður af jamaíska dansaranum Olando Whyte og sænsku listakonunni Rut Karin Zettergren. ■

SUMAR HETJUR SKERA SIG ÚR



HUNDOUTRITIN HATAK

Í KLÓM KATTARINS
KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

AKUREYRI
SAMBÍÓIN

KEFLAVÍK
SAMBÍÓIN



ALION

GEM

MB

INVENTURA

CINESES

THINK

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

STUDIO

Vegan heimsmynd Önnu Lindar hrundi

Anna Lind Fells var vegan í sex ár og hélt lífsstílnum til streitu þrátt fyrir að ýmis heilsufarsleg einkenni gerðu vart við sig. Hún sneri þó að lokum blaðinu alveg við og gerir vegan árin upp í bókinni Er vegan mataræði heilbriggt fyrir Íslendinga?

toti@frettabladid.is

Anna Lind Fells, functional medicine heilsupjálfi, einkapjálfari og jógakennari með meiru, gaf í síðustu viku út rafbókina Er vegan mataræði heilbriggt fyrir Íslendinga? Bókin fjallar meðal annars um vegferð hennar á vegan mataræði með ýmsum fróðleik sem hún hefur viðað að sér í gegnum árin varðandi heilsusamlegt mataræði, næringar efni og heilsu almennt.

„Í bókinni fer ég meðal annars yfir margar mýtur sem hafa verið í gangi, eins og hvort mettuð fita sé óholl eða hvort kjöt er krabba-meinsvaldandi,“ segir Anna Lind sem hafði verið á hráfæði um skeið þegar hún gerðist vegan og sannfærðist um að það mataræði væri það eina rétta. Hún sagði meðal annars frá jákvæðum áhrifum vegan lífsstílsins í Fréttablaðinu 2018 en segist síðar hafa áttað sig á því hversu kjöt væri henni mikilvægt.

Hún telur vegan mataræðið hafa haft skaðleg áhrif á alla hennar líkamsstarfsemi og byggir þá kenningu á námi sínu í því sem kallast „functional medicine“ og kemur mikið við sögu í uppgjöri hennar við vegan lífsstílinn í rafbókinni.

Heitt umræðuefni

„Ég er búin að læra ótrúlega margt í þessu námi og eins og ég kem inn á í bókinni þá lærði ég í gegnum „functional medicine“ að hlusta á hvað minn líkami þarf og hvað við erum öll mismunandi. Ég hef alls ekkert á móti vegan mataræði og er einfaldlega að deila því sem ég hef komist að á minni sex ára vegferð.

„Algengt er að einstaklingar byrji að upplifa ýmis heilsufarsvandamál eftir nokkur ár á vegan mataræði og ég hef séð mikið um það í mínum viðtalstímum við viðskiptavinum, meðal annars candida, SIBO, bakflæði, orkuleysi og hormónaójafnvægi.

Ég fer í bókinni yfir það sem ég hef lært um vegan mataræði eftir

öll þessi ár og þá aðallega út frá heilsufarslegu sjónarhorni en ég fer einnig yfir siðferðis- og umhverfis-sjónarmið. Vegan mataræði er mjög heitt umræðuefni þessa dagana og ég veit að rafbókin á eftir að vekja umræður.“

Hún bætir þó aðspurð við að bókin sé svo nýútkomin að ekki sé enn farið að reyna almennilega á þetta. Hún hafi hins vegar í raun búist við því að hún fengi strax yfir sig harða gagnrýni en enn sem komið er bóli ekkert á slíku.

„Margir af mínum fylgjendum á Instagram hafa þó sent mér skilaboð og eru mjög ánægðir með þessi skrif, en ég bjóst við að fá hörð mót-rök vegna þess að það eru mjög fáir sem þora að tjá sig um þessi mál-efni.“

Óvæntur viðsnúningur

Anna Lind selur rafbókina á heimasíðu sinni, [holisticheilsuvorur.is](#), og segir henni alls ekki ætlað að sannfæra einn eða neinn um að vegan mataræði sé slæmt. Heldur frekar að benda á að fólk hafi mismunandi þarfir og að erfðir geti ráðið miklu um hvernig efnaskipti þess eru og í því sambandi setji hún spurningarmerki við hversu vel vegan henti Íslendingum.

„En við erum ekki öll eins og ef þú vilt fylgja vegan mataræði og liður vel af því þá er það frábært. Haltu þá bara áfram að hlusta á líkama þinn. Ég hef nánast snúið mataræði mínu algjörlega við og einblíni mikið á hreint kjöt og innmat, ásamt lág-kolvetna mataræði en það tók mig langan tíma að snúa til baka.

Ég hélt að ég myndi aldrei byrja að borða dýraafurðir aftur,“ segir Anna Lind og bætir við að hún hafi tekið vegan lífsstílinn mjög alvarlega og haldið stórum hópi Instagram-fylgjenda vel upplýstum með matarbloggi og uppskriftum á íslensku og ensku.

„Það var mjög erfitt að brjóta þessa sterku ímynd en heilsa mín versnaði hratt og þegar ég var í námi í „functional medicine“ tókst mér loksins að greina skilaboðin sem líkami minn var að senda mér og áttaði mig á hverju hann þyrfti á að halda. Fyrsti kaflinn í bókinni fjallar um mitt vegan ferðalag en í síðari köflunum skrifa ég um heilsusamlegt mataræði og deili miklu af fróðlegum upplýsingum sem ég hef lært í gegnum mitt nám og námskeið í heilsugeiranum.



„Functional medicine“ opnaði hug Önnu Lindar og hún leggur þau fræði til grundvallar heilsuráðgjöf sinni til einstaklinga á [Holistic.is](#). **MYND/ADSEND**

Ég hef alls ekkert á móti vegan mataræði og er einfaldlega að deila því sem ég hef komist að á minni sex ára vegferð.

Heimsmynd hrynur

Fyrstu árin leið mér mjög vel á vegan mataræði, en ég sniðgekk ekki einungis dýraafurðir heldur einnig alla óholla fæðu,“ segir Anna Lind og nefnir sykurlúten og aðrar unnar matvörur.

„En það getur tekið nokkur ár fyrir líkamann að þróa með sér næringarskort á vegan mataræði og þess vegna liður mörgum vel fyrstu mánuðina. Jafnvel fyrstu árin,“ segir Anna Lind og talar um að hún hafi verið í algerri afneitun þegar mataræðið fór að taka sinn toll.

„Heilsan byrjaði í rauninni að versna hægt og rólega en það hófst

með blóðsykurssveiflum. Ég hætti með tímanum að þola ávexti og einn banani kom mér í blóðsykursfall og ég varð algerlega orkulaus með höfuð- og magaverki. En ég gaf þessu séns í nokkur ár í viðbót því ég hélt að vegan mataræði væri það besta fyrir mig og ég gafst ekki upp.“

Anna Lind segist örugglega hafa að minnsta kosti þróað við í eitt og hálft ár. „Ég var líka jógakennari og þessu er víða haldið á lofti í þeim fræðum þar sem jógakennslan byggist á ayurvedískum fræðum sem leggja áherslu á grænmetisfæði, en þessi fræði eiga uppruna sinn að rekja til Indverja, sem eru með allt öðruvísi líkamsstarfsemi en við Íslendingar.

Allt í steik

Anna Lind segir vendipunktinn hafa verið vinnustofu um heildræna næringar- og lífsstílsþjálfun í London. „Kennarinn sagði hópnum að hann væri búinn að vinna með fullt af konum sem héldu að þær væru ófrjóar. Þær voru sem sagt allar grænmetisætur og um leið og þær byrjuðu að borða kjöt aftur þá gátu þær aftur eignast börn. Þetta setti svolítið punktinn yfir i-ð fyrir mig vegna þess að hann var að tala um að vegan mataræði gæti haft skaðleg

Einkennin sem Anna Lind varar við:

- Blóðsykurssveiflur
- Ör hjartsláttur
- Orkuleysi
- Meltingartruflanir (maga-verkir, uppþemba og bakflæði)
- H. Pylori bakteríusýking, candida ofvöxtur, IBS, SIBO
- Þynna hár
- Máttleysi
- Tannskemmdir
- Dofi í höndum og fótum
- Hormónatruflanir

áhrif á hormónakerfið, til dæmis vegna þess að það er ekki að finna kólesteról í jurtaríkinu en kólesteról er lífsnauðsynlegt fyrir líkamann til þess að framleiða hormón.“

Anna Lind segist ekki hafa verið í neinum barneignarhugleiðingum á þessum tíma en vildi ekki taka neinn séns. „En mig langaði bara ekki að koma í veg fyrir það þegar tækifærið kæmi, þótt ég vilji heldur ekkert alhæfa í þessum efnum.

Þetta sama kvöld fór ég, í fyrsta skipti í sex ár, á lífrænt fóðrað steikhús í London og hef ekki snúið aftur síðan,“ segir Anna Lind og bætir við að síðan þá hafi enn sterkari stöðum verið rennt undir breytta hugmyndafræði hennar.

Vanmetinn innmatur

Anna Lind segir dramatísk sinna-skiptin þó ekki hafa orðið til þess að hún hrekist öfganna á milli. „Vegna þess að mitt fyrirtæki, Holistic ehf., vinnur út frá heildrænu sjónarmiði þannig að við erum að reyna að horfa á heildarmyndina og einblínum á fjölbreytta fæðu, ríka af kjöti, innmat, jurtum, grænmeti og ávöxtum sem hafa lágan sykurstuðul.

Ég trúi á heildrænt mataræði og er í raun og veru bara að nota allt sem við finnum í náttúrunni og hlusta svolítið á efnaskipti okkar og erfðir. Þannig trúi ég því að grænmeti sé mikilvægt en það er kjöt líka. En ég er ekkert rosalega hlynnt mjólkurvörum, bara út frá því hvernig þær eru unnar í dag.

Ég trúi mikið á innmatinn, sem við vitum að er í rauninni bara fjölvítamín náttúrunnar,“ heldur hún áfram og bendir á að Íslendingar hafi fyrr á öldum sett allt sitt traust á kjöt og feitmeti.

„Í rauninni fengu hundarnir bara afganginn, sem var vöðvakjöt, en innmaturinn var mikilvægastur enda vissu allir hvað hann var næringarríkur. Nú til dags snertir enginn á þessari fæðu sem er sú ódýrasta í búðinni; lifur, hjörtu, nýru og þess háttar. En eitt er víst, samkvæmt fornleifarannsóknum, að mannkynið og forfæður okkar hafa borðað kjöt í að minnsta kosti 2,5 milljónir ára.“ ■

Hakkarar breyttu Þrándi í 1__thra_ndur_thorari_nsson__1

toti@frettabladid.is

„Ég kemst ekkert inn á þetta. Get ekkert loggað mig inn og það er búið að breyta nafninu á reikningnum,“ segir Þrándur Þórarinnsson myndlistarmaður, hálf ráðalaus, eftir að hvímlendið tölvuhakkarar yfirtöku Instagrammið hans sem ber nú þann vægast sagt óþjálta titil 1__thra_ndur_thorari_nsson__1.

„Þetta er svona þannig séð atvinnutæki. Ég hef náttúrlega selt alveg fullt af myndum bara með því að pósta þeim þarna og þá fer síminn að hringja. Þannig að þetta er frekar bagalegt en síðan er náttúrlega líka partur af mér sem tekur

þann pólinn í hæðina að það er bara ágætt að fá að sleppa alveg þessu djöfulsins Instagrammi.“

Þrándur segist ekkert vita hverjir standi að baki þessari freklegu yfirtöku og enn síður hvers vegna í ósköpunum. „Mér er það reyndar stórlega til efs að þetta séu einhverjir Íslendingar,“ segir Þrándur og hlær þegar þeim möguleika er velt upp að einhverjir sem hann hefur komið við kauninn á með verkum sínum standi þarna að baki. „Annað hvort er þetta bara einhver algóritmi eða eitthvert fólk í fjarlægum löndum.“

Hann segist jafnframt ekki hafa fengið neina lausnargjaldskröfu



Þrándur mun ekki sitja auðum höndum ef Instagrammið hans er farið veg allrar veraldar og heldur bara áfram að mála á fullu. **FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR**

eins og gerst hefur meðal annars hjá aðsópsmiklum áhrifavöldum en eitthvað hafi verið um undarlegar skeytasendingar og hringingu úr torkennilegu símanúmeri.

„Maður er að verða hálf vænisjúkur út af þessu og það væri fint að geta komist aftur inn á þetta blessaða gramm. Ég veit ekkert hvernig ég á að snúa mér í þessu. Ég var á fullu að reyna að komast inn án árangurs kvöldið og daginn eftir að þetta gerðist og svo er ekkert þjónustuver hjá Instagram, maður getur ekki talað við neinn,“ segir Þrándur sem þiggur gjarnan allar ábendingar frá fólki sem hefur lent í svona löguðu og viti jafnvel hvað er til ráða. ■

Lyfjavað

HEILSA & HAMINGJA

Nýtt bílaapótek í Suðurfelli

Tvær bílalúgur
Einfalt og þægilegt



OPIÐ
9-18

Glæsibæ • Bílaapótek Vesturlandsvegi • Urðarhvarfi • Mjódd
Bílaapótek Hæðasmára • Apótek Suðurnesja • Bílaapótek Suðurfelli

NÝTT&SPENNANDI

Kynningarafsláttur af völdum vörum

ASPEN

Tungusófi í Kentucky koníak áklæði. 253 x 145 x 84 cm. 249.990 kr.

VESTA

Hár tungusófi. Vinstri eða hægri tunga. Ribcord Antracit áklæði. 300x160x80 cm. Nú 329.990 kr. 369.990 kr.

KARE BUTLER

Standing björn. 18x15,5x34,5 cm. 24.990 kr.

NORDAL GARO

Kampavínsglas. H27,5 cm. 2.190 kr. Kokteilaglas. H18 cm. 2.490 kr. Vinglas. H23 cm. 2.290 kr.

ÖRUM

Hægindastóll. Alis grár, grænn, hvítur eða mustard. 105x46x83 cm. Nú 134.990 kr. 149.990 kr.

KARE FLUFFY

Hægindastóll með snúningsfæti. 76x88x72 cm. 219.990 kr.

HELGA

Sófar í fallegu natur áklæði. 3ja sæta Maxi sófi. 258x100x81 cm. Nú 279.990 kr. 299.990 kr. 3ja sæta sófi. 218x97x81 cm. Nú 239.990 kr. 259.990 kr.

SKANNAÐU QR KÓÐANN TIL AÐ SKOÐA NÝJA BÆKLINGINN

HÚSGAGNAHÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Brynja, Yaëll og Baldur stefna á frekara samstarf á næstu mánuðum.
MYND/ADSEND

Helber tilviljun í Haag

Tónlistarmennirnir Brynja Bjarnadóttir, Baldur Hjörleifsson og Yaëll Campbell senda frá sér lagið Mildly Insane á föstudaginn, samhliða tónlistarmyndbandi. Myndbandið er samstarfsverkefni sem kom til eftir tilviljunarkennt samspil úti á götu í Haag.

ninarichter@frettabladid.is

Brynja hefur getið sér gott orð í tónlistinni síðustu misseri og lag hennar Easier naut vinsælda í íslensku útvarpi í fyrra. Á föstudag sendir hún frá sér nýtt lag í samstarfi við hollenska listamanninn Yaëll Campbell og samlanda sinn, pródúserinn Baldur Hjörleifsson.

Kynntust í Haag

„Við Brynja kynntumst þegar við vorum að spila úti á götu,“ segir Yaëll um aðdraganda samstarfsins sem kviknaði í Haag fyrir tveimur árum. Brynja tekur undir það og segir Yaëll hafa spilað lag sem hún hélt mikið upp á, Best part í flutningi H.E.R. og Daniel Caesar.

„Ég sagði: Ó, ég elska þetta lag,“ segir Brynja. „Ég tók kontaktupplýsingarnar hans fyrir samstarf, sagði honum að ég þekkti pródúsera og stakk upp á því að við myndum gera gigg saman,“ segir hún.

Brynja hafði samband við Yaëll ári seinna þegar hana vantaði karlkyns söngródd í lag sem hún var að vinna að og segist hafa sent honum löng raddskilaboð.

Bauð í ferð til Íslands

„Ég vissi að ef við ætluðum að gera þetta, þá þyrftum við að vinna þetta saman í stúdíóinu. Mér tókst

”

Þetta ferli hefur oft verið mikið fukk-it og gerum þetta bara. Sem er gott fyrir mig af því að ég á til að ofhuga hlutina.

Brynja Bjarnadóttir

ekki að fá frí í vinnunni þannig að ég keypti bara miða handa honum til Íslands,“ segir Brynja.

„Hálfu ári seinna var ég á Íslandi í upptökum,“ segir Yaëll sem leikur á fjölda hljóðfæra auk þess að syngja. Ferlið gekk þó ekki snurðulaust fyrir sig og Yaëll greindist smitaður af Covid skömmu eftir að hann kom til landsins í desember. Þannig liðu tvær vikur frá komu hans til landsins, þangað til tókur gátu hafist.

Loksins komst þríeykið í upptökuver, með pródúserinn Baldur sem þriðja mann. „Við ákváðum að nota þennan litla tíma sem við áttum eftir, gera lag og sjá hvað kæmi út úr því. Þetta gekk rosalega hratt,“ segir hún.

Á það til að ofhuga hlutina

Aðspurð um boðskap lagsins segir Brynja það fjalla um jákvæðni og hugarfarið að vera ekki endalaust að hugsa um hlutina heldur slá bara til. „Sem kjarnar allt þetta samstarf. Þetta ferli hefur oft verið mikið fukk-it og gerum þetta bara. Sem er gott fyrir mig af því að ég á

til að ofhuga hlutina,“ segir Brynja kimin.

„Titill lagsins er Mildly Insane,“ segir Yaëll. „Það meikar engan sens. Að vera létt klikkaður er þversögn, hvað er það eiginlega?“ Hann segir að í hans huga fjalli lagið um mann-eskju sem geri mann létt klikkaðan. „Sem þú vilt sýna allt sem þú hefur upp á að bjóða, og þú vilt að mann-eskjan fíli þig til baka og taki eftir þér,“ segir hann.

Marga mánuði með eina trommu

Baldur segir ferlið hafa verið skemmtilegt. „Mér finnst gaman að svona samvinnuverkefnum, þegar það er jákvæð pressa og maður þarf að fylgja innsæinu. Í sólóverkefnum get ég verið í marga mánuði að finstilla einhverja bassatrommu og það er enginn þarna til að stoppa mig. Það getur verið mjög óskilvirkt vinnuferli, ólíkt því þegar fleiri eru á staðnum til að kasta boltanum á milli,“ segir hann.

Straumlinulagað ferli

Aðspurður hvernig hafi gengið að landa sameiginlegri hugmynd, svarar Baldur: „Ég held að ferlið hafi verið nokkuð straumlinulagað. Við vorum frekar sammála og við fundum um leið sameiginlegan grunn. Gitarhljóðið minnti svolítið á eitthvað seventís, sálar-rokk, R&B-eitthvað. Það kom okkur á ákveðinn stað,“ segir hann.

Aðspurð um hið fullkomna leiksvið fyrir lagið er hópurinn nokkuð sammála. „Í bíl, myndi ég halda. Þetta er góð tónlist fyrir bíltúr,“ segir Brynja. „Ég er sammála,“ segir Yaëll. „Í bílferð seint um kvöld, nær sólsetrinu,“ segir hann. „Já, í ljósa-skiptunum,“ bætir Baldur við. ■


■ Tímavélin

Elvis yfirgefur bygginguna fyrir fullt og allt


Elvis Presley, lést á þessum degi fyrir 45 árum og eins og sonnum konungi roksins sæmir er nafn hans enn á allra vörum. Ekki sist um þessar mundir vegna nýrrar bíómyndar Baz Luhrmanns um goðið.

Tónlistarferill hans hófst árið 1954 þegar Sam Phillips hjá Sun Records-plötufyrirtækinu sýndi honum áhuga. Fyrsta smáskífan, Heartbreak Hotel, kom út árið 1956 og fór strax á topp vinsældalista í Bandaríkjunum.

Hann lék í sinni fyrstu kvik-



mynd, Love Me Tender, árið 1956 og var kallaður í herinn tveimur árum síðar. Eftir að herskyldunni lauk fór ferill hans á fullt og árin á eftir gaf hann út mörg af sínum vinsælustu lögum. Hann giftist Priscilla Presley árið 1967 og þau eignuðust dótturina Lisu Marie Presley ári síðar. Elvis ánetjaðist vímuefnum og áfengi og lést skyndilega árið 1977. Fimm ár í röð, 2001 til 2006, taldi tímaritið Forbes Presley tekjuhæsta tónlistarmann veraldar, áratugum eftir að hann féll frá. ■



ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345



Bakþankar



Péturs Georgs
Markan

Heim að Hólum

Ég sit undir kirkjuvegg Hólakirkju, að Hólum í Hjaltadal. Kláraði stuttan skokktúr í morgunmildi ágústmánaðar og er að huga að deginum. Það er Hólahátíð og fram undan biskupsvígsla, nýr vígslubiskup verður kominn til þjónustu þjóðkirkjunnar áður en dagur kveður. Gleðileg tímamót, sr. Solveig Lára Guðmunds-dóttir kveður farsæla þjónustu og sr. Gísli Gunnarsson tekur til starfa.

Hólar er hjartastaður í þjóðkirkjunni – einn af mörgum. Sögu- legur staður sem geymir minni íslenskrar kirkju. Hjartastaður þar sem þjóð finnur sig heima, að Hólum.

Leiðin heim vísar að öruggum stað. Stað þar sem við getum verið við sjálf, fundið okkur sjálf.

Í frábærri bók, Heim til míns hjarta, eftir rithöfundinn Oddnýju Eir Ævarsdóttur, segir frá konu með brotið hjarta, hún er þreytt og týnd í lífinu og finnur ekki leiðina heim til hjartans. Hún ákveður að láta leggja sig inn á heilsuhæli þar sem tilraunir eru gerðar með ilm- vötn og ilmvatnsgerð. Þar er hún látin lýsa lyktinni af foreldrum sínum. Foreldrum sínum, sem ilmuðu af ást. Með þeirri vinnu náði aðalpersóna sögunnar að byggja brú á milli heila og hjarta og þannig rataði hún heim. Heim til síns hjarta.

Þjóðkirkjan hefur staðið reglu- lega á tímamótum með þjóðinni í gegnum aldanna rás. Aðkallandi samfélagslegar breytingar kalla á kirkju sem stendur á sterkum stöðum. Kirkju sem tekur þátt, kirkju sem hlustar og bregst við.

Hvað sem þær breytingar kunna að hafa í för með sér verður þjóð- kirkjan hjartastaður þjóðar, hvar við öll getum fundið leiðina að hjartanu – heim að Hólum. ■



FRÍTT
KAFFI

ALLAN HRINGINN



STILLANLEG
HJÓNARÚM
MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



ÚRVAL AF
VÖNDUÐUM
HEILSRÚMUM



EITT MESTA
ÚRVAL AF
HEILSUDÝNUM
Á LANDINU



VANDABAR
SÆNGUR OG
KODDAR Í
ÚRVALI



PANDORA
STILLANLEGUR
HÆGINDASTÓLL




Svefn & heilsa

★★★★★

WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,
REYKJAVÍK
S:581 2233



BALDURSNESI 6,
AKUREYRI
S: 461 1150



OPID:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 -18:00
LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.
BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR